

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Svönulundur.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 23. maí 2019 deiliskipulag fyrir íbúðarlóðina Svönulund í landi Holtsels skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 0,9 ha spilda við Finnastaðaveg syðst í landi Holtsels sem skilgreind er sem íbúðarsvæði ÍB32 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til byggingar íbúðarhúss 300 fm að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 7. apríl 2020.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2020